

UM NÆSTU HELGI opna sex ungir menn ljósmyndasýningu að Kjarvalsstöðum, þar sem sýndar verða 130 svart/hvítar myndir af ýmsu tagi, m.a. sex myndir frá Færeyjum, sem Pjetur Maack hefur tekið. Með þeim sexmenningum sýnir einnig Gunnar Hannesson, sá kunni ljósmyndari, þúsund „slights"-myndir. Myndin er af sýningaraðilunum, talið frá vinstri: Jón Ólafsson, Pjetur Maack, Karl Jeppesen, Kjartan Kristjánsson, Skúli Magnússon, Gunnar Guðmundsson og Gunnar Hannesson (stendur aftan við)

(Tímamynd: Gunnar)

Verkið er skáldsaga en ekki ævisaga

— segir Gunnar Gunnarsson um nýútkomna þýðingu sína á Fjallkirkjunni

ALMENNA bókafélagið hefur hafið nýja og veglega útgáfu á verkum Gunnars Gunnarsonar. Þessa daga kemur Fjallkirkjan út, en áður hafa komið út í þessari nýju útgáfu Svartfugl, Vikivaki, Heiðarharmur og Saga Borgarættarinnar.

Síðustu ár hafa flest verk Gunnars Gunnarssonar verið ófáanleg í íslenzkri útgáfu, en fyrir nokkru hóf Almenna Bókafélagið útgáfu á skáldverkum höfundarins með hans eigin handbragði og í endan legri gerð. Enn fleiri Íslendingum gefst því kostur á að kynnast verkum þessa afburða höfundar.

Af þessari nýju útgáfu eru þegar komin út fimm verk: Svartfugl, Vikivaki, Heiðaharmur, Saga Borgarættarinnar og núna síðast Fjallkirkjan, í þremur bindum, en hún var upphaflega í fimm bindum. Koma svo næstu verk út eftir því sem ástæður leyfa.

Það var árið 1906, sem Gunnar gaf út sín fyrstu verk, Vorljóð og Móðurminningu. Ungur að árum fluttist Gunnar til Danmerkur, og eru flestar bækur hans ritaðar á dönsku. Íslendingar hafa því kynnzt skáldverkum hans við lestur þeirra á dönsku eða í íslenzkum þýðingum. Árið 1939 fluttist Gunnar svo aftur heim til Íslands.

Undanfarin ár hefur hann eingöngu unnið við að þýða verk sín úr dönsku og vinnur nú að þýðingu verksins Sælir eru einfaldir. Nokkur verka hans hafa aldrei komið út á íslenzku áður.

Fjallkirkjan hefur löngum verið Íslendingum einna hjartfólgnust af verkum Gunnars Gunnarssonar, og oft nefnd „eitt fegursta listaverk eftir íslenzkan höfund".

Almenna bókafélagið hélt blaðamannafund til að kynna þessa nýju útgáfu og var höfundurinn, Gunnar Gunnarsson staddur á fundinum til að svara spurningum fréttamanna. Hann var m.a. spurður að því, hvort þessi þýðing Fjallkirkjunnar úr dönsku væri í einhverju frábrugðin frumútgáfunni. Sagði Gunnar, að þessi útgáfa væri að nokkru, stytt, og þá einkum tvö síðustu bindin.

„Með þessari styttingu vil ég gera bókina betri. Margt var óþarft og fer betur í styttingu. Eins er verkið erfitt í þýðingu, því danskan og íslenzkan eru um margt ólík mál. Þarf því oft að segja annað á íslenzku til að fá sömu áhrif".

Það hefur oft verið sagt um Fjallkirkjuna að hún sé að nokkru leyti ævisaga höfundarins. Lýst er ferli ungs skálds allt frá frumbernsku þar til það fer út í heim og vinnur sigra meðal framandi þjóðar.



Um þetta sagði Gunnar: „Markmið bókarinnar er ekki sjálfsævisaga, heldur það að sýna lífið á Íslandi eins og það var, þegar sagan gerðist. — Verkið er því skáldsaga en ekki ævisaga".

Nýmæli hjá Gagnfræðaskóla Austurbæjar:

NEMENDUM BER AÐ HAFA SKÓLA-FERILSBÆKUR

ÞAÐ NÝMÆLI var tekið upp í gær hjá Gagnfræðaskóla Austbæjar, að tekin var í notkun svonefnd skólaferlisbók, og er þetta fyrsta tilraun af þessu tagi, sem gerð er hérlendis, svo blaðinu sé kunnugt. Ætlazt er til að nemendur hafi bók þessa ávallt með sér í skóla, en í henni eru skólaregur, sem fara ber eftir, og ef út af er brugðið, skrifa kennarar athugasemdir í skólaferilsbókina.

Nemandi á að geyma bókina allan sinn skólatíma í Gagnfræðaskóla Austurbæjar, og er þannig hægt að fylgjast með hegðunarferli hans frá því að hann fyrst kemur í skólann, þar til hann lýkur endanlegu prófi þaðan.

Gunnar Finnbogason skólastjóri skýrði frá útkomu og tilgangi þessarar bókar í gær, og voru nemendum síðan afhentar bækurnar. Sagði Gunnar, að ekki væri nóg að setja reglur. Einnig þyrfti að kynna þeim, sem fara eiga eftir þeim reglurnar, og yrðu þær að vera skýrar og óyggjandi. Reglurnar í bókinni eru í 16 liðum, stuttar og gagnorðar.

Til þessa hafa nemendur einatt borið því við, þegar, þegar þeim hefur verið bent á að þeir hafi brotið af sér, að þeir hafi ekki vitað að þetta eða hitt væri bannað. Nú ætti þess misskilnings ekki að geta gætt lengur í þessum skóla, þar sem hver nemandi á að hafa skólareglurnar meðferðis hverju sinni er hann kemur í skóla.

Svo virðist, sem reglur þessar séu ekki svo strangar, að hver og einn eigi ekki að geta umgengizt skóla sinn, kennara og aðra nemendur með eðlilegum og frjálslegum hætti, þótt eftir þeim sé farið. Fjalla þær einkum um stundvísi, hirðusemi og yfirleitt almennar umgengni og kurteisisvenjur, sem sjálfsagðar eru í samskiptum manna.

Skólastjóri sagði, að ekki væri réttlætanlegt að ávíta nemendur fyrir brot á reglum, sem þeim eru ekki kunnar. Það er þess vegna skylda skólans að láta nemendum í té reglur til að fara eftir, og það er skylda nemandans að kynna sér þær og tileinka.

Hvað viðkemur þeim síðum bókarinnar, sem ætlaðar eru fyrir athugasemdir, er ekki ætlunin að sýna eingöngu husanlegar misfellur viðkomandi nemenda, heldur vill skólinn miklu fremur geta sýnt ræktarsemi nemenda við skólann í námi og allri framgöngu, og er því tekinn upp sá háttur, að kennarar gefi umsögn um hegðun, iðni og reglusemi hvers nemanda. Verður bókin væntanlega sönn mynd af skólaferli nemendans, og getur um leið orðið honum meðmælabréf hvar sem er á lífsbrautinni

Skíðaferðir í Bláfjöll.

Í Gagnfræðaskóla Austurbæjar er fimm daga kennsluvika, og er því ekki kennt á laugardögum . Í vetur verður sá háttur hafður á, að þegar skíðafæri er í Bláfjöllum og veður leyfir, verður farið í skíðaferðir frá skólanum kl. 10 á hverjum laugardagsmorgni. Eiga nemendur að geta gengið að þessum ferðum vísum, ávallt þegar aðstæður leyfa. Verða stórir bílar tiltækir til að flytja nemendurna, og með í för verður alltaf kennari, sem vanur er skíðamennsku og ferðalögum.

Rein og Eirsíða í stað X-5 eða Y-3

Tæðlega 500 nemendur á aldrinum 15 til 17 ára stunda nú nám í Gagnfræðaskóla Austur bæjar, í 19 bekkjardeildum. Í þriðja bekk eru bekkjardeildirnar 12, í fjórða bekk 4, og þrír bekkir eru í menntadeild, en nemendur þar fylgja Menntaskólanum við Tjörnina í námsefni og prófum.

Áður voru þessa deildir sundurgreindar með bókstaf og tölu, sem þótti ópersónulegt og jafnvel erfitt að muna. Í haust var þessu kerfi breytt, og heita nú deildirnar góðum og gildum íslenskum nöfnum, og eru þau valin þannig, að um kerfi er að ræða. Kemur málfræðin þar til skjalanna, og eru heiti bekkja í sömu deildum ávallt í sama kyni og tölu. Þannig nefnast nú bóknámsdeildirnar t.d. Hagi, Oddi, Ás og Ós í þriðja bekk, en þegar komið er í fjórða bekk, nefnast þær Hamar, Melar, o.s.fr. Verzlunardeildir í þriðja bekk nefnast t.d. Borg og Rein, en í fjórða bekk Fitjar og Tjarnir. Landsprofsdeildir nefnast hvorukyns orðum í eintölu og heita Fjall, Skarð, Nes, Sel, Bjarg og Holt, en menntadeildir eru kenndar við bókband á handritum og nýyrðum bætt við , og nefnast þær Eirsíða, Járnsíða og Stálsíða. ÓÓ

Skógaskóla gefið bókasafn

SIGURÐUR Guðjónsson, fyrrverandi kennari við Verzlunarskóla Íslands og víðar, hefur fyrir nokkru gert þá ráðstöfun á bókasafni sínu, að gefa það héraðsskólanum í Skógum eftir sinn dag, ásamt nokkrum einkamunum, þar á meðal forkunnargóðri mynd af Sigurði, er Ríkarður Jónsson gerði. Er nú nýlega lokið skráningu á bókasafninu. Er hér um að ræða mjög vandað safn bóka á íslenzku og öðrum málum, einkum Norðurlandamálum. Verður það skólanum mikill fengur að fá þetta safn til eignar.

Með gjöf þessari vill Sigurður minnast uppvaxtarára sinna í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum og ættartengsla við héraðið. Þess má og geta, að Sigurður er einn af brautryðjendum í skólamálum Sunnlendinga á þessari öld. Má að nokkru rekja áhuga hans og framlag á þessu sviði til margra ára dvalar hans í hinum víðfræga lýðháskóla í Askov og kennslustarfa erlendis. Eftir að Sigurður fluttist heim 1920, ferðaðist hann mikið um Suðurland og flutti fyrirlestra um skólamál og stofnun lýðháskóla. Talaði hann þá einkumá manntalsþingum hreppanna og víðar. Þá þegar gerði Sigurður sér ljóst, að Rangæingar og Vestur-Skaftfellingar mundu vart eiga samleið með Árnesingum um stofnun héraðsskóla sem og kom á daginn. Eldurinn, sem Sigurður átti þátt í að tendra 1920, slokknaði aldrei og til hans má rekja héraðsskólann í Skógum, sem tók til starfa 1949. Hug sinn til skólans sýnir Sigurður Guðjónsson á ótvíræðan hátt með hinni dýrmætu bókagjöf jafnframt því sem hann minnist Eyjafjallasveitar.

FARA LÆKNANEM-AR Í VERKFALL

vegna fjöldatakmarkana?

ÁKVÖRÐUN verður tekin um það á félagsfundi læknanema í kvöld, hvort farið verður í verkfall til að ýta undir kröfur um bætt og aukin húsakynni deildarinnar. Ef til verkfalls kemur mun það líklega standa í einn dag.

Eins og kunnugt er, hefur komið til tals, að takmarka fjölda læknanema í deildinni, vegna húsnæðisskorts, og er það ástæðan fyrir verkfallinu, ef af verður. Læknannemum finnst það hins vegar ekki réttlátt, að það bitni á stúdentum, og vilja því styðja deildina í kröfum hennar um aukið húsnæði.

Ef farið verður út í það, að takmarka fjölda fyrsta árs stúdenta í vor, verða það ekki lágmarkseinkunnir sem ráða, heldur verður aðeins nokkrum þeim hæstu hleypt upp, en hinir verða að reyna aftur, og skiptir þá ekki máli, hvort þeir hafa náð tilskilinni lágmarkseinkunn eða ekki. Þessu vilja læknanemar ekki una og mótmæla því, ef til vill með verkfalli, en eins og áður var sagt verður tekin ákvörðun um það í kvöld. — hs —